

Læsisstefnuramma

sveitarfélaga og
leik- og grunnskóla

Leiðarljós
við gerð læsisstefnu



Í upphafi skal endinn skoða

Þegar móttun heildstæðrar læsisstefnu og innleiðing fer af stað ber að hafa í huga að þetta er langtímaverkefni sem kallar á öflugt utanumhald og jákvætt viðhorf allra sem koma að henni.

Einnig er það mikilvægt að stefnan sé lifandi plagg í stöðugri þróun. Fulltrúi sveitarfélags, skólastjóri eða ábyrgðaraðili tryggir að henni sé haldið lifandi og að fram fari endurmat í lok hvers skólaárs til að tryggja árangur og að metnaður haldist.

Þessum læsisstefnuramma er ætlað að vera skólum og sveitarfélögum til leiðbeiningar við gerð læsisstefnu til að varða þann leiðangur sem skrásetning læsisstefnu er. Ramminn er ekki tæmandi né heldur ber skólum og sveitarfélögum skylda til að innihalda það sem ramminn leggur til. Læsisstefna hvers leikskóla, grunnskóla og sveitarfélags mun alltaf taka mið af því góða starfi sem þar eru unnið, sérkennum hvers skóla og eða samfélags, markmiðum og leiðum sem stefnt er að. Eins ber að hafa í huga að það er ekki umfang læsisstefnunnar sem ræður gæðum læsisstarfs í skólum heldur er aðalatriðið það að leiðir, ferlar og verkfæri, sem tilgreind eru í stefnunni, séu virk og í framkvæmd. Þess vegna skiptir lengd hennar ekki máli heldur þurfa orð og verk að fara saman.

Gerð læsisstefnu

Gott er að hafa í huga að sem flestir komi að gerð stefnunnar til að tryggja eignarhald. Stjórnendur eru yfirleitt þeir sem hafa faglega yfirumsjón með gerð læsisstefnu en það getur þó farið eftir aðstæðum hverju sinni.

- Mikilvæg atriði sem vert er að hafa í huga við gerð læsisstefnu:
- Læsisstefna krefst sameiginlegrar sýnar þeirra sem eiga að fylgja henni eftir.
- Gott er að hafa teymi sem heldur utan um vinnuna, innan skóla/sveitarfélags.
- Fulltrúar sem flestra hagsmunaaðila komi að umsögn á drögum stefnunnar.
- Allir starfsmenn komi að endurgjöf á drögum að stefnu.
- Stefnan sé í stöðugri þróun og endurskoðun.
- Unnið sé markvisst eftir stefnunni og hún leiðarljós í skólastarfinu.
- Gerð stefnunnar má ekki tefja framkvæmd hennar – né tímamörk.
- Hvernig birtist læsi í sveitafélaginu og eða/ leik- og grunnskólanum? Staða hvers skóla og hefðir/sérkenni eru mikilvæg. Gott er að byrja á því að skoða hvað gert er tengt læsi. Þannig birtast ákveðnar línur sem gott er að styðjast við í framhaldinu.
- Læsisstefnan þarf að endurspegla þörfina sem birtist í tölulegum gögnum um frammi-stöðu nemenda á skimunum og prófum sem og settum viðmiðum hverju sinni.
- Lestur og læsi eru skyld hugtök en læsishugtakið er yfirgrípsmeira og lýsir betur hæfninni sem nemandinn þarf að búa yfir að loknu grunnskólanámi. Orðið *læsisstefna* á því betur við en orðið *lestrarstefna*.
- Læsisstefna þarf að lýsa ákveðinni stígangi í læsisháttum nemenda frá upphafi leikskóla og þar til grunnskólagöngu lýkur.
- Læsisstefna á ekki að hafa yfirbragð skólanámskrár/bekkjarnámskrár en endurspegla viðfangsefnin sem birtast þar.
- Læsisstefna þarf að eiga stoð í fræðilegum grunni um læsisháttum en það er óþarfi að hafa langa fræðilega umfjöllun í stefnunni sjálfri.

- Hver skóli/kennari hefur frelsi til að útfæra leiðir með fjölbreyttum og einstaklingsmiðuðum kennsluaðferðum.
- Ferlar í læsisstefnu þurfa að vera einfaldir og lifa af starfsmannaveltu.
- Mikilvægt er að orðfæri og uppsetning læsisstefnunnar sé öllum aðgengilegt.
- Læsisstefna er aðeins virk ef henni er fylgt vel eftir og hún í stöðugri þróun og endurskoðun.
- Kynna þarf læsisstefnuna vel fyrir foreldrum/forráðamönnum sem og öllum starfsmönnum.
- Viðhorf allra skiptir miklu máli.

Læsisstefnuramminn

Inngangur

Ef um er að ræða læsisstefnu leik- eða grunnskóla er gott að vísa til stefnu sveitarfélags. Ef stefna sveitarfélags er hins vegar unnin í kjölfar stefnu leik- og/eða grunnskóla er nauðsynlegt að byggja á fyrirliggjandi stefnum. Hér er samráð og samstarf nauðsynlegt svo allir innan sveitarfélags stefni í sömu átt og hægt sé að tryggja samfellu í læsinnámi barna.

- Markmið og tilgangur.
- Áherslur á gildistíma.
- Umfjöllun um læsi.
- Hvers vegna er læsisstefna unnin?
- Fyrir hverja er hún unnin og af hverjum?
- Aðferðir við innleiðingu?
- Gildistími og endurskoðunarákvæði.
- Mat á árangri af læsisstefnu.

Starfsþróun læsiskennara

Hvernig er fyrirhugað að mæta áherslum í læsisstefnu varðandi starfsþróun?

- Námskeið
- Ráðstefnur
- Þróunarverkefni
- Teymisvinna
- Lærdómssamfélagið

Ábyrgð og hlutverk

Leggja þarf góðan grunn að samstarfi og hlutverk allra þurfa að vera skýr við gerð og framkvæmd og eftirfylgni stefnunnar. Einnig huga af endurgjöf til haghafa.

Lýsa þarf ábyrgð og hlutverki:

- nemenda
- foreldra
- kennara
- starfsfólks
- skólastjórnenda
- fræðslufirvalda/sveitastjórnar
- nærumhverfis/samfélags.

Markmið aðalnámskrár

Samkvæmt aðalnámskrá felur læsi í leikskóla í sér þekkingu, leikni og hæfni barna til að lesa í umhverfi sitt og tjá upplifun sína, tilfinningar og skoðanir á fjölbreyttan hátt.

Meðal annars með því að:

- Kynnast tungumálinu og eiginleikum þess.
- Njóta þess að hlusta á og semja sögur, ljóð, þulur og ævintýri.
- Þróa læsi í víðum skilningi.
- Öðlast skilning á að ritað mál og tákni hafi merkingu.

Samkvæmt aðalnámskrá grunnskóla er læsi skipt í fjóra þætti:

- Talað mál, hlustun og áhorf.
- Lestur og bókmenntir.
- Ritun
- Málfræði

Skimanir og próf

- Niðurstöður skimana og prófa – grunnur að aðgerðaáætlun og skipulagi/áherslum í kennslu.
- Tilgangur skimana og prófa.
- Framkvæmd
- Hvaða próf á að nota (yfirlitstafla)?
- Túlkun niðurstaðna út frá skilgreindum viðmiðum um árangur.
- Framsetning niðurstaðna og birting til haghafa.
- Úrvinnsla og upplýsingagjöf.
- Fyrirkomulag íhlutunar í kjölfar niðurstaðna.
- Nánari greining.

Íhlutun

Fyrirkomulag íhlutunar skóla birtist í markvissri aðgerðaáætlun sem endurskoða þarf reglulega með tilliti til árangurs af henni. Aðgerðaáætlunin er svarið við niðurstöðum matstækja.

- Skil milli skólastiga og samfella íhlutunar.
- Viðmið um árangur.
- Fyrirkomulag íhlutunar og aðgerðaáætlun – ábyrgð, gerð, eftirfylgni og endurmat.
- ÍSAT nemendur og lestrarstuðningur.
- Greiningar
- Bráðgerir og slakir lesarar.
- Aðlagað mat á árangri.
- Bjargir fyrir nemendur með lestrarerfiðleika.
- Þátttaka foreldra vegna lestrarerfiðleika barns.

Nemendur með íslensku sem annað tungumál

Hér þurfa skólar að gera grein fyrir lestrarkennslu og áherslum varðandi læsi fyrir nemendur með íslensku sem annað tungumál eða greina frá öðru sem þeim þykir mikilvægt að komi fram.

Lestrarmenning

Lestrarmenning skóla birtist í áherslum og forgangsriðun tíma og fjármagns sem sett er í umgjörð sem snýr að læsi. Góð lestrarmenning er mikilvæg svo allt nám tengt læsi verði merk-
ingarbært í huga nemenda.

- Um lestrarmenningu.
- Hlutverk bókasafna (skóla- og almenningsbókasöfn).
- Lestrarfyrirmyndir heima og í skóla.
- Samstarf heimilis og skóla.
- Lestrarhvatning
- Áhugahvöt
- Lestrarviðburðir
- Lestur í daglegu starfi og leik.
- Árstíðabundinn lestur (jóna- og/eða sumarlestur).

Viðaukar

Í viðauka við læsisstefnu má meðal annars setja:

- Lesfímiviðmið
- Matsramma fyrir lestrarlag.
- Yfirlit yfir skimanir og próf.
- Þjálfunarfyrikomulag á ýmsum stigum lestrarnáms.
- Gátlista
- Viðburðadagatal bókasafns.